



**AFMÆLISVAKA**

**AKUREYRI 150 ÁRA**

1862-2012

# STÓRVEISLA UM ALLAN BÆ

❖ 24. ÁGÚST - 2. SEPTEMBER ❖

HÁTÍÐARDAGSKRÁ  
OG VIÐBURÐIR Á  
150 ÁRA AFMÆLI  
AKUREYRAR



[www.akureyri150.is](http://www.akureyri150.is)



AFMÆLISVAKA

AKUREYRI 150 ÁRA

1862-2012



Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin á Afmælisvöku Akureyrar árið 2012 um leið og ég óska bæjarbúum og landsmönnum öllum til hamingju með afmælið. Dagskrá hátíðarinnar er vegleg og af nógu að taka. Njótum hennar saman í sólskinsskapi og gerum 150 ára afmæli bæjarins sem eftirminnilegast.

Eiríkur Björn Björgvinsson,  
bæjarstjóri

# ❖ 24.-27. ÁGÚST ❖

## FÖSTUDAGUR 24. ÁGÚST

### KL. 14 KLUKKUHRINGING VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrar og 25 ára afmæli Háskólans verður Íslandsklukkunni hringt 150 sinnum.

### KL. 20 ÁGÚSTTÓNAR Í HOFI

Söngtónleikar með íslenskum og erlendum söngperlum. Söngkonurnar Una Dóra Þorbjörnsdóttir og Margrét Hannesdóttir og Hólmfríður Sigurðardóttir píanóleikari.

### KL. 21 VARSJÁRBANDALAGIÐ Á GRÆNA HATTINUM

## LAUGARDAGUR 25. ÁGÚST

### KL. 13 SÖNGUR OG SÚKKULAÐI Í STOFUNNI AÐ GALTALÆK

Snorri Guðvarðarson tónlistarstjóri og Hilda Torfadóttir er í húsmóðurhlutverkinu og sér um veitingarnar með góðri hjálp.

### KL. 13-17 VARÐSKIPIÐ ÞÓR VIÐ TANGABRYGGJU

Varðskipið Þór leggst við Tangabryggju og býðst gestum og gangandi að skoða skipið frá klukkan 13-17.

### KL. 13-18 BOLLALEGGINGAR, LISTMUNIR OG HANDVERK Í NORÐURBYGGÐ 20

Rósa Eggertsdóttir, Gunnar Jónsson, Ingibjörg Stefánsdóttir og Smári Sigurðsson bjóða ykkur velkomin í Norðurbyggðina.

### KL. 14-17 SKÖPUN BERNSKUNNAR Í SAL MYNDLISTARFÉLAGSINS Í LISTAGILINU

Sýnd verða leikföng úr Friðbjarnarhúsi, verk af barnanámskeiðum Myndlistarskólans og verk nokkurra félagsmanna sem tengjast æskunni á einn eða annan hátt.

### KL. 14-18 GÖTULISTAHAÁTÍÐIN HAFURTASK

Uppskeruhátíð hæfileika, sköpunargleði og metnaðar ungs fólks á Akureyri fer fram víðsvegar um miðbæ Akureyrar: Afrakstur listasmiðju Hafurtasks, útimarkaður í göngugötunni, Lopabandið og Gollan Hennar Gunnar í tónleikatjaldi Hafurtasks, Fjöllistahópurinn Fönix, myndlistarsýning nemenda úr Myndlistarskólanum á Akureyri, Hjólabrettafélag Akureyrar, Nemendafélag Tónlistarskóla Akureyrar, Ó-crew ljósmyndasýning, Miðbæjarmafian, Parkour hópur, Eikverjar með diskótek, Cosa Nostra dúettinn og margir fleiri. Ítarlegri dagskrá má finna á [www.hafurtask.is](http://www.hafurtask.is).

## GRENNDARGRAL FJÖLSKYLDUNNAR

Fjórða og síðasta vísbendingin í leitinni að Grenndargralinu.  
Upplýsingar á [www.grenndargral.is](http://www.grenndargral.is)

### KL. 14 OPNUN SÝNINGARINNAR INFÓ Í FLÓRU HAFNARSTRÆTI 90

Opnun sýningarinnar Info. Innsetning listakonunnar Jónu Hlífur.

### KL. 14 ÞJÓÐRÆKNISFÉLAG ÍSLENDINGA ÞINGAR Í SAFNAÐARHEIMILI AKUREYRARKIRKJU

Fyrirlestrar og uppákomur og meðal þeirra sem tala er Pam Olafson Fustaenau: „The love of Iceland in America“.

### KL. 15.30 BRAVÓBÍTLARNIR OG BRÁK SPILA Á RÁÐHÚSTORGI

Bravóbítlarnir eiga sögu sína að rekja til 1965 þegar þeir ásamt fleiri hljómsveitum hituðu upp fyrir The Kinks í höfuðborginni. Hljómsveitin Brák er ekki gömul og um margt ólík Bravóbítlunum. Gaman verður að sjá sveitirnar á sama sviði, gamli og nýi tíminn.

### KL. 20-22 TÓNLEIKARNIR UNG-FEST Á RÁÐHÚSTORGI

UNG-FEST er yfirskrift tónleika Ungmennaráðs Akureyrar þar sem fram koma hljómsveitirnar Völva, Lopabandið, Klysja, Buxnaskjónar og tónlistarkonan Cecilie Svendson. Kynnir er Kristján Blær.

### KL. 21 EIVÖR Á GRÆNA HATTINUM

## SUNNUDAGUR 26. ÁGÚST

### KL. 12.45 ÚTVARPSÞÁTTURINN GESTIR ÚT UM ALLT Í HOFI

Margrét Blöndal, Felix Bergsson og hljómsveit hússins undir stjórn Hjörleifs Arnar Jónssonar. Bein útsending á Rás 2.

### KL. 13 -16 AKUREYRI VÆN OG GRÆN Í ÝMSUM GÖRÐUM BÆJARINS

Bæjarbúum býðst að skoða vel valda garða á ýmsum stöðum í bænum. Viðburður á vegum Garðyrkjufélags Akureyrar.

### KL. 15 LJÓÐ OG TÓNAR Á SIGURHÆÐUM

Laufey Sigurðardóttir spilar Bach Partítur og Þorsteinn frá Hamri les úr eigin ljóðum.

### KL. 15 UPPSKERUHÁTÍÐ RÆKTUNAR OG MYNDLISTAR VIÐ GÖMLU GARÐYRKJUSTÖÐINA VIÐ KRÓKEYRI

Sýning, viðburðir og fræðsla. List og smökkun á grænmetisuppskeru.

## KL. 17 SAGNASKEMMTUN Á HÚNA II.

Sagnaskemmtun með þeim Sigurbjörgu og Elísabetu Karlsdætrum. Þær rifja upp sögur af Eyrinni og æskunni á Akureyri.

## KL. 20 TÓNLEIKARNIR LÖGIN HANS ÓDA Í HOFI

Miðaverð 1500 kr.

## KL. 21 EIVÖR Á GRÆNA HATTINUM

# MÁNUDAGUR 27. ÁGÚST

## KL. 19.30 AKUREYRI: SIGURHÆDIR Í KRISTNISÖGU ÍSLANDS, FYRIRLESTUR Í SAFNAÐARSAL GLERÁRKIRKJU

Fyrirlestur Dr. Péturs Péturssonar.

# AFMÆLISDAGURINN

## ❖ 29. ÁGÚST ❖

## KL. 10 DAGSKRÁ TILEINKUÐ LEIK- OG GRUNNSKÓLA-BÖRNUM AKUREYRAR Á RÁÐHÚSTORGI

Leik- og grunnskólanemendur afhenda Akureyringum stórt mósaíkverk með afmælismerki bæjarins. Afmælissöngurinn, Hvanndalsbræður, afmæliskaka og mjólk.

## KL. 14 OPINN HÁTÍÐARFUNDUR BÆJARSTJÓRNAR Í HOFI

## KL. 16-18 OPIÐ HÚS Á DVALARHEIMILINU HLÍÐ, AUSTURBYGGÐ 17

Dvalarheimilið Hlíð er 50 ára og í tilefni þess verður opið hús fyrir almenning.

## KL. 15 OPNUN SÝNINGARINNAR ARSBOREALIS Í KETILHÚSINU-SJÓNLISTAMIÐSTÖÐINNI

Sýningin Arsborealis – Menning, list og saga á norðurhveli jarðar. Kynning á sögu, menningu og list fólksins sem býr á norðurslóðum.

## KL. 20 TÓNAGJÖF TIL AKUREYRINGA Í HOFI

Eyþór Ingi Jónsson organisti og 6 tónskáld er öll tengjast Akureyri færa bæjarbúum Tónagjöf. Tónskáldin eru þau Michael Jón Clarke, Birgir Helgason, Hörður Áskelsson, Jón Hlöðver Áskelsson, Gísli Jóhann Grétarsson og Sigrún Magna Þórsteinsdóttir. Auk þess munu allir viðstaddir flytja afmælissöng Jóns Hlöðvers Áskelssonar, Akureyri 150 ára. Aðgangur ókeypis en nauðsynlegt er að tryggja sér miða í miðasölu Hofa.

## KL. 20 HESTASÝNING Á SAMKOMUHÚSFLÖTINNI

Hestamannafélagið Léttir verður með sýningu í tilefni afmælis Akureyrar.

## FIMMTUDAGUR 30. ÁGÚST

### KL. 16 AFTUR TIL FORTÍÐAR, KAUPSTAÐURINN AKUREYRI 1862 ENDURSKAPAÐUR Á SÝNINGU Í AMTSBÓKASAFNINU

Í anddyri Amtsbókasafnsins verður til sýnis yfirlitsmynd af Akureyri eins og kaupstaðurinn leit út þann 29. ágúst 1862 samkvæmt bestu heimildum.

### KL. 19.30-22 AKUREYRI ROKKAR, TÓNLEIKAR Í HÚSINU

Fram koma hljómsveitirnar Beasts of Odin, Mont, Sefjun og Thunderfuck.

### KL. 20 BORGARINNAN, ATRIÐI ÚR ÆVI VILHELMÍNU LEVER Í SAMKOMUHÚSINU

Frumskýning á leikritinu Borgarinnan, byggt á atriðum úr ævi Vilhelmínu Lever. Meðal leikara eru Jóhanna Þorgilsdóttir, Fanney Valsdóttir og Hannes Örn Blandon. Litla Kompaníið setur sýninguna upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar. Leikstjórn og handrit Saga Jónsdóttir. Aðeins örfáar sýningar.

### KL. 20 LJÓÐAGANGA Í SAMVINNU AFMÆLISNEFNDAR, MINJASAFNSINS OG AMTSBÓKASAFNSINS

Mæting við Amtsbókasafnið og starfsfólk þess leiðir gönguna.

## FÖSTUDAGUR 31. ÁGÚST

### KL. 16-20 SPÁKONAN SUNNA Í EYMUSSON

### KL. 20 BORGARINNAN, ATRIÐI ÚR ÆVI VILHELMÍNU LEVER Í SAMKOMUHÚSINU

Örfáar sýningar.

### KL. 20.30 RÖKKURRÓ Í LYSTIGARÐINUM

Lystigarðurinn skartar sínu fegursta ljósum skreyttur enda afmælisbarn líkt og bærinn sjálfur. Veittar verða viðurkenningar fyrir vel hirta garða og fallegasta matjurtagarðinn. Bók Ástu Camillu Gylfadóttur um konurnar sem gerðu garðinn kynnt, Inga Eydal syngur gesti inn í rökkurró, spákona spáir fyrir um framtíðina, sellóleikur, tilkynnt verður um sigurvegara í Grenndargrali fjölskyldunnar, Urður og Camilo dansa salsa og hljómsveitin Helgi og hljóðfæraleikararnir slær botninn í dagskrána.

## KL. 20.45-24 EXODUS RAFTÓNLIST Í LISTAGILINU

Upphaf Kjötkeðjuhátíðar Sjónlistamiðstöðvarinnar með elektróníska tónlistarhópnum REYK WEEK.

## KL. 21-02.30 AKUREYRI ROKKAR, TÓNLEIKAR Í SJALLANUM

Tónleikar fyrir 18 ára og eldri. Fram koma hljómsveitirnar NÁP, Myrká, Legend, Memoir, Skurk, Wistaria og Plastic Gods.

## KL. 21-01.10 AKUREYRI ROKKAR, TÓNLEIKAR Á DÁTANUM

Fram koma hljómsveitirnar Dynfari, Alchemia, ONI, Hindurvættir, Alis og Earendel.

## KL. 22 ÉG SÉ AKUREYRI TÓNLEIKAR Í HOFI

Kynning á nýútkomnum geisladiski Bjarna Hafþórs Helgasonar og Óskars Péturssonar.

## KL. 22.30 DRAUGASLÓÐ MINJASAFNSINS Í INNBÆNUM

Draugaslóðin er viðburður sem heillar marga þrátt fyrir að vera afskaplega drungalegur. Ljósín eru slökkt í Innbænum og ýmsar verur koma sér fyrir í görðum og húsum á svæðinu.

## KL. 24 SIGLING OG SÖNGSKEMMTUN Á HÚNA II

Pollurinn á miðnætti og Húnahjónin Þorvaldur og Erna syngja.

## LAUGARDAGUR 1. SEPTEMBER

### KL. 10 FÖNDURSTUND Á AMTSBÓKASAFNINU

Upplagt að fönndra kort til afmælisbarnsins Akureyrar. Kortin verða öll sýnd í safninu í lok árs.

### KL. 10 AFHJÚPUN Á SÖGUVÖRÐUM Í INNBÆNUM

Mæting við bílastæðið norðan við Brynju þar sem sagt verður frá tilurð varðanna og þær fyrstu afhjúpaðar.

### KL. 11 HÓLMASÓL OG HÚNI II VIÐ TORFUNESBRYGGJU

Hin árlega friðarsigling leikskólans Hólmasólar og eikarbátsins Húna II.

### KL. 11 SÖGUGANGA UM LYSTIGARÐINN

Ásta Camilla Gylfadóttir, höfundur bókar um sögu Lystigarðsins sem gefin er út í tilefni 100 ára afmæli garðsins, segir frá merkilegri sögu hans. Gangan hefst við gamla hliðið austanmegin.

– Snúðu blaðinu við til að sjá framhald á dagskrá

# ❖ 1. - 2. SEPTEMBER ❖

## LAUGARDAGUR 1. SEPTEMBER – Framhald

### KL. 12 OPNAR VINNUSTOFUR Í TÍUNNI GALLERÍ Í LISTAGILINU

Heitt á könnunni, markaðsstemning, tískusýning kl. 17 ofl.

### KL. 13-17 MARKAÐUR Á PLANINU VIÐ SKIPAGÖTU

Norðurport - lifandi markaður kemur sér vel fyrir á planinu við Skipagötu.

### KL. 13.30 SKRÚÐGÖNGUR AÐ AKUREYRARVELLI

Gengið verður frá Glerártorgi og neðst í Kaupvangsstræti.

### KL. 14 HÁTÍÐARDAGSKRÁ Á AKUREYRARVELLI

Dagskrá á sviði þar sem m.a. Páll Skúlason fyrrverandi rektor Háskóla Íslands flytur hátíðarræðu. Fjölbreytt tónlist, gömul og ný, kórar og söngvarar. Kynnir er séra Hildur Eir Bolladóttir.

### KL. 14 FRAMHALD Í POPULUS TREMULA Í LISTAGILINU

Listamaðurinn Joris Rademaker opnar sýninguna Framhald.

### KL. 14-17 VINNUSTOFA/GALLERÍ STÓLLINN OPIN Í LISTAGILINU

Ragnheiður Þórsdóttir opnar vinnustofu sína. Fyrirlestur kl. 17 um kljásteynavefstaðinn og hinn forna röggvarfeld á vinnustofunni.

### KL 15-17 OPIÐ HÚS FÉLAGS HARMONIKKUUNNENDA VIÐ EYJAFJÖRÐ, LAXAGÖTU 5

### KL.15-17 LYST MEÐ LIST Í LISTAGILINU

Áfram heldur Kjörtkveðjuhátíð Sjónlistamiðstöðvarinnar og nú er það Lyst með List. Ilmandi matarlykt í bland við fagurskapaða listmuni og samtal listafólks og listakokka.

### KL 15-17.30 BARNAGAMAN Á RÁÐHÚSTORGI

BarnaGaman á Ráðhústorgi á vegum Fimleikafélags Akureyrar, þar getur yngsta kynslóðin fundið ýmislegt við sitt hæfi fram eftir degi. Krítað, fléttað, sippað og fleira.

### KL. 15-18 LÍF OG FJÖR Í MIÐBÆNUM

Tælenskir dansarar, Urður og Camilo dansa afró-kúban dans og rúmbu, dansfélagið Vefarinn, Point dansstúdíó, spákonan Sunna spáir í framtíðina, kórsöngur, sellóleikur, harmonikkutónlist, Blásarakvartett Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands marserar, Fyrsta hjálp í Akureyrarbókmenntum, Íslenskir eldsmiðir og fleira.



## **KL. 15-18 PAKKHÚSIÐ Í HAFNARSTRÆTI 19**

Ljúfir tónar og myndlistarnemar sýna.

## **KL.15.30 FREYJA, DANSSÝNING FYRIR BÖRN Á RÁÐHÚSTORGI**

Anna Richards og Camilo sýna barnadansverk þar sem mætast guðir frá Kúbu og íslensk gyðja.

## **KL. 16 BARNAJÓGA Á RÁÐHÚSTORGI**

Barnajóga á vegum Gerðar Óskar Hjaltadóttur, upplagt fyrir unga jafnt sem aldna.

## **KL. 16-23 SPÁKONAN SUNNA Í EYMUNDSSON**

### **KL. 16 HÁTÍÐARSÖNGVAR TIL ÞÍN, TÓNLEIKAR Í HOFI**

Tenórarnir Gunnar Björn Jónsson, Snorri Snorrason ásamt Óskari Péturssyni bjóða upp á klassískar perlur og undirleikari er Aladar Rác.

### **KL. 17 HREINGJÖRNINGUR Í GÖNGUGÖTUNNI**

Anna Richards þrífur á sínum gamla stað.

### **KL. 20 BORGARINNAN, ATRIÐI ÚR ÆVI VILHELMÍNU LEVER Í SAMKOMUHÚSINU**

Örfáar sýningar.

### **KL. 20 BAROKKÓPERAN DIDO OG AENEAS Í HOFI**

Hymnodia flytur barokkóperuna Dido og Aeneas eftir Purcell ásamt hljómsveit. Einsöngvarar eru úr röðum kórsins. Stjórnandi er Eyþór Ingi Jónsson og leikstjóri Guðmundur Ólafsson. Miðaverð kr. 3.900.

## **KL. 21.00-23.20 AFMÆLISTÓNLEIKAR Í GILINU**

Stórtónleikar neðst í Gilinu þar sem fram koma hljómsveitir frá akureyrskri tónlistarsenu í gegnum árin. Fram koma Baraflokkurinn, Dægurlagapönkhljómsveitin Húfa, Skriðjökklar, 200.000 naglbítar og í gestgjafahlutverki verða hinir geðþekku Hvanndalsbræður. Tónleikarnir verða sendir beint út á Rás 2 og eru í samvinnu við Exton og Nesfrakt.

### **KL. 21-03.00 AKUREYRI ROKKAR, TÓNLEIKAR Í SJALLANUM**

Tónleikar fyrir 18 ára og eldri. Fram koma hljómsveitirnar Why Not Jack, Ophidian I, Ugly Alex, Gruesome Glory, Dimma, Dr. Spock og Brain Police.

### **KL. 21-01.10 AKUREYRI ROKKAR, TÓNLEIKAR Á DÁTANUM**

Tónleikar fyrir 18 ára og eldri. Fram koma hljómsveitirnar O, Dánarbeð, Diamond Thunder, I Need Pills To sleep, Trust The Lies og Blood Feud.

## KL. 23-24 TÍSKUSÝNING, JANA RUT HÖNNUN, Á RÁÐHÚSTORGI

Tískusýning Jönu Rutar, sýnd á kortersfresti frá kl 23-24.

## KL. 23.30 FLUGELDASÝNING Á POLLINUM

Það verður mikil flugeldagleði í boði Vodafone á Pollinum framkvæmd af Björgunarsveitinni Súlum. Smábátar safnast saman ljósum prýddir á Pollinum.

## HOF STRAX AÐ LOKINNI FLUGELDASÝNINGU

Gói, Halli og Leikhúsbandið spila í Hamraborg og Blásarakvartett Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands tekur miðnætursveiflu og kynnir tónleikaárið framundan.

## SUNNUDAGUR 2. SEPTEMBER

### KL. 11 LISTAMESSA Í LYSTIGARÐINUM

Séra Hildur Eir Bolladóttir messar.

### KL. 11.30 SKOPPA OG SKRÍTLA Í HOFI

Skemmtidagskrá þar sem Skoppa og Skrítlá syngja og virkja alla í leik, söng og dansi.

### KL. 12.45 Í GÓÐU SKAPI MEÐ SNIGLABANDINU Í HOFI

Bein útsending á Rás 2.

### KL. 13 ALÞJÓÐLEGT ELDHÚS Í LISTASAFNINU

Fjölmenningarráð Akureyrar býður upp á alþjóðlegt eldhús í Listasafninu. Yfir tuttugu þjóðir taka þátt í þessari skemmtilegu og bragðgóðu veislu.

### KL. 13-16 AFMÆLISHÁTÍÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Háskólinn á Akureyri fagnar 25 ára starfsafmæli sínu og býður til afmælishátíðar í húsakynnum sínum. Starfsemi skólans kynnt með lifandi hætti og boðið upp á hátíðardagskrá og afmæliskaffi.

### KL. 14-17 PAKKHÚSIÐ Í HAFNARSTRÆTI 19

Myndlistarnemar sýna og heitt á könnunni.

*Dagskrá birt með fyrirvara um breytingar.*

Dagskrána í heild sinni má finna á vefnum [www.akureyri150.is](http://www.akureyri150.is)



Fylgstu með á Facebook! [facebook.com/akureyri150](https://facebook.com/akureyri150)



## Tímabundnar götulokanir

### Laugardaginn 25. ágúst

Kl. 12.00-18.00: Listagil

Kl. 12.00-24.00: Göngugata, Skipagata (að hluta), Túngata (að hluta)

### Miðvikudaginn 29. ágúst

Kl. 9.30-12.00: Göngugata, Skipagata (að hluta), Strandgata (að hluta), Brekkugata (að hluta), Túngata (að hluta)

### Föstudaginn 31. ágúst

Kl. 10.00-24.00: Listagil/Kaupvangsstræti, Göngugata

Kl. 21.45-23.45: Vegna Draugaslóðar í Innbænum verða lokanir í Aðalstræti, Lækjargötu, Spítalavegi og Hafnarstræti

### Laugardaginn 1. september

Kl. 00.00-24.00: Listagil/Kaupvangsstræti, Göngugata

Kl. 13.30-14.00 & 23.30-24.00: Glerárgata (að hluta)

Kl. 13:00-15.30: Hólbraut

### Sunnudaginn 2. september

Kl. 00:00-16.00: Göngugata

## Aðgengi

### WC

Undir kirkjutröppunum  
Bílastæðinu v/Skipagötu  
Bílastæðinu v/BSO  
Hof

### WC fyrir fatlaða

Hof  
Bílastæðinu v/Skipagötu

### Möguleg bílastæði

Hafnarstræti  
Hof  
Ráðhús  
Skipagata (að hluta)  
Glerártorg

Sjá leiðir strætó á [www.akureyri.is/bus](http://www.akureyri.is/bus)

Vekjum athygli á að samkvæmt 12. grein samþykktar Akureyrarbæjar um hundahald er óheimilt að fara með hunda á samkomur svo sem á Akureyrarvöku.

## Helstu styrktar- og samstarfsaðilar




FLUGFÉLAG ÍSLANDS



Sérstakar þakkir fá Hótel Kea, MS, Norðurorka, Bílaleiga Akureyrar - Höldur, Gula Villan og þið sem hafið lagt ykkar af mörkum til að gera afmælisárið ánægjulegt.



Dagskrána í heild sinni má finna á vefnum [www.akureyri150.is](http://www.akureyri150.is)

 Fylgstu með á Facebook! [facebook.com/akureyri150](https://facebook.com/akureyri150)

Prentun: Ásprent Hönnun og umbrot: Blek

blek



**AFMÆLISVAKA**  
AKUREYRI 150 ÁRA

1862 - 2012

